

# Nýtt landnám – landnám óbyggðanna

Marion Lerner\*

## ÁGRIP

Á þriðja og fjórða áratug 20. aldar átti sér stað mikil hreyfing í ferðamálum á Íslandi. Áhugamenn um ferðamennsku – sem flestir voru einnig miklir áhrifamenn í íslensku samfélagi á þeim tíma – stofnuðu ferðafélög og lögðu sig fram um að koma öflugum útgáfu- og þýðingastarfi í gang. Tilgangur þessarar starfsemi var að auka þekkingu landsmanna á landafræði og sögu Íslands en í huga frumkvöðlanna er það náteingt því að efla ættjarðarást og þjóðarstolt Íslendinga. Athyglin beindist sérstaklega að þeim hlutum landsins sem fram að þessu virtust ekki að hafa haft neina jákvæða merkingu fyrir Íslendinga heldur táknuðu frekar hið framandi og ógnandi. Örefti landsins voru enn ónumin og næstum því óþekkt. Með því að ráðast í ferðir, skrifa bækur og upplýsingarit sem og ferðasögur hófu framamenn þessarar hreyfingar nýtt landnám á Íslandi: landnám óbyggðanna. Í þessari grein verður leitast við að færa rök fyrir þessu landnámi og afmarka tímabilið frá lok þriðja áratugar 20. aldar fram að lokum þess sjöunda þegar nútímaferðamennska fór að ryðja sér til rúms á Íslandi.

**Lykilorð:** Ferðamennska, ferðabækur, ferðasögur, ferðafélög, landnám, óbyggðir.

## ABSTRACT

*A new settlement – of the wilderness*

In the 1920s and 1930s great changes took place in domestic tourism in Iceland. A group of Icelanders interested in traveling in their own land – most of whom were also influential in Icelandic society – founded a travel club and put a lot of effort into publishing travel books about Iceland and translating works which had previously been available only in foreign languages. Their goal was to increase Icelanders' knowledge of the country's geography and history, and for these pioneers this was closely connected to the goal of boosting Icelanders' patriotism and national pride. Special attention was paid to those parts of the country whose image among Icelanders was not positive but rather threatening and otherworldly. Iceland's barren highlands were at that point little explored or documented. By organizing trips and then writing books, reference works, and travel accounts, the leaders of this movement brought about a kind of new Age of Settlement in Iceland, focused on the empty highlands. This article attempts to trace the roots and causes of the movement, and to define the period (from the end of the 1920s to the end of the 1960s) when modern tourism began to expand in Iceland.

**Keywords:** Tourism, travel books, travel accounts, touring clubs, settlement, highlands.

## INNGANGUR

Það er ekki langt síðan að ég tók mér það verk fyrir hendur að þýða nokkrar ferðasögur eftir Pálma Hannesson yfir á þýsku. Þessar sögur birtust fyrst í ritsafni sem heitir *Hrakningar og heiðavegir* og það voru þeir Pálmi Hannesson og Jón Eyþórsson sem settu safnið saman. Báðir ættu að vera vel kunnugir áhugamönnum um landafræði Íslands.

Þegar ég var að glíma við þýðinguna var það hluti af aðferðinni að kanna vel það textasambandi en einnig það víðara – menningarlega – sambandi sem þeir birtust fyrst í.<sup>1</sup> Árangur þessarar vinnu er meðal annars sá að ég rakst á mjög

athyglisverðar staðreyndir sem benda til þess að upp úr þriðja áratug 20. aldar hafi almennur áhugi á ferðalögum, ferðabókmenntum og landafræðiþekkingu á Íslandi stóraukist. Merki þess er að sjá í sannkallaðri ferðahreyfingu sem stigmagnaðist í því að ýmis ferðafélög voru stofnuð á þriðja og fjórða áratug 20. aldar. Á hinn bóginn er áberandi hversu öflugt útgáfu- og þýðingastarf á ferða- og landafræðibókmenntum hófst hér á landi í upphafi fimmta áratugar 20. aldar. Þessar staðreyndir leiddu mig til þess að setja upp þá tilgátu að greina megj ákveðið tímabil í menningarsögu Íslands á 20. öld sem

\* Menningar- og þýðingafraeðingur, doktorsnemi við Humboldt-Universität zu Berlin.  
marionlerner@simnet.is

<sup>1</sup> Lesendum sem hafa áhuga á þýðingunni og þýðingaraðferðinni sem og hugleiðingum sem tengjast nútímaferðamennsku er bent á MA-ritgerð höfundar (Lerner 2005).

hægt væri að kalla „annað landnám“ eða „nýtt landnám“ og sem hæfist 1927 og lyki árið 1968. Hér á eftir ætla ég að leggja rök mín fyrir lesendur og um leið að biðja um gagnrýnin viðbrögð því að mikil vinna er enn framundan. Segja má með réttu að afmörkun og lýsing þessa tímabils sé enn á tilraunastigi.

## HRAKNINGAR OG HEIÐAVEGIR

Ritsafnið *Hrakningar og heiðavegir* kom út í fjórum bindum hjá bókaútgáfunni Norðra á Akureyri á árunum 1949 til 1957. Í þessu ritsafni birtust textar af ýmsu tagi. Sjálf lagði ég í sambandi við þýðingu mína mesta áherslu á ferðasögur Pálma Hannessonar sem eru samtals níu. Hægt er að rekja upphaf þessara sagna allt til ársins 1933 þegar Pálmi Hannesson skrifaði þá fyrstu þeirra, „Villu á öræfum“, sem mun koma frekar við sögu hér á eftir. Aðrar sögur urðu til á næstu árum þar á eftir og voru að hluta til fyrst lesnar í útvarpi eða birtust í dagblöðum og tímaritum áður en þær fundu leið sína í ritsafnið. Auk ferðasagnanna og ferðalýsinga er í safninu að finna ýmis konar efni, ritgerðir, sögulegar heimildir, klausur úr annálum, reynslusögur og fleira eftir ýmsa höfunda.

Fremst í fyrsta bindi *Hrakninga og heiðavega* er að finna þetta kvæði sem má skilja sem mottó yfir allt safnið:

Þótt fögur séu fjöllin vor,  
feikn þau marga geyma.  
Um fannir liggja freðin spor,  
feigðin á þar heima.

Kvæðið er fyrsta vísan úr „Reynisstaðarbræðrum“ eftir rómantíska skáldið Grím Thomsen og er þar rakin sagan af bræðrunum sem urðu úti á Kili árið 1780 (Grímur Thomsen 1954, 78). Um er að ræða þjóðsögu sem byggist á raunverulegum atburði. Að sama skapi er hún ein af þekktustu þjóðsögum Íslands og enn þann dag í dag er hún mjög vinsæl á meðal ferðamanna. Það að þeir Pálmi Hannesson og Jón Eyþórsson völdu þetta kvæði sem yfirskrift lýsir vel afstöðu þeirra til efnisins

sem þeir ætluðu sér að safna saman. Í formálsorðum að fyrsta bindi *Hrakninga og heiðavega* segir:

Nokkur ár eru liðin, síðan okkur kom til hugar að safna saman í bók fornum leiðarlýsingum frá heiðum og öræfum landsins — ásamt sögum um svaðilfarir og slysaferðir, sem þangað hafa verið farnar. Átti safn þetta að vera í senn heimild um landfræðisögu Íslands, er sýndi þekkingu manna og hugmyndir um heiðalönd og öræfi á liðnum tímum, og jafnframt var því ætlað að halda til haga minningu þeirra, sem hafa þolað hrakninga á villigjörnum heiðavegum og barizt þar fyrir lífi sínu, oft einmana og áttavilltir. Sumir hafa borizt þar beinin, aðrir bjargazt fyrir harðfengi og seiglu — eða slembilukku eina (Jón Eyþórsson og Pálmi Hannesson 1949, 7).

Ekki er tilefni til að fara í ítarlega greiningu á efninu hér en segja má að strax í fyrsta bindi *Hrakninga og heiðavega* sé komið á prent áhugavert safn um mikilvægustu og að sama skapi alræmdustu fjallvegi Íslands (þ.e. Sprengisandsleið, Kjálveg og Fjallabaksveg). Þar á meðal er ferðalýsing eftir Svein Pálsson um Kjöl. En einnig er efnið tengt þekktustu þjóðsagnahetjum landsins, á borð við Fjalla-Eyvind og fyrrnefnda Reynistaðarbræður. Þar með er ekki einungis fjallað um náttúru og landafræði heldur einnig um sögu og þjóðsagnaarf Íslendinga. Í lok bókarinnar er svo að finna ritdeilu um tilvist útilegumannabyggða frá því á 19. öld, sem Jón Eyþórsson hefur safnað saman. Hann hefur umfjöllun sína á þessum orðum:

Langt fram á 19. öld var þekking manna á óbyggðum landsins mjög takmörkuð. Þótt fé léki lausum hala á afréttum að sumrinu, voru stór svæði alls ekki leitueð að haustinu. Först því fjöldi fjár á hverjum vetri, og heimtur voru slæmar. Stöku sinnum var vitað um sakamenn, er reyndu að forða lífi og limum með því að flýja til fjalla og leggjast út. Var þeim kennt um fjárhvörfin og ímyndunarafliz skóp fjölda sagna um útilegumenn, er byggðu grösuga dali inn á reginöræfum. Svo magnaður var útilegumannaóttinn, að erfitt var að útrýma honum úr hugskoti þjóðarinnar, þótt

sannfróðir og valinkunnir menn legðu sig í framkróka til þess (Jón Eyþórsson 1949, 245).

Glögglega má sjá hvað vakti fyrir þeim Pálma og Jóni þegar þeir lögðu sig fram til að koma þessu ritsafni á koppinn. Þeir vildu fræða fólk um þá hluta landsins sem lágu ekki í alfaraleið og einnig um sögu þeirra, einkum um það hvers konar hugmyndir fólk hafði búið sér til um hina óaðgengilegu landshluta í gegnum aldirnar. En Pálmi og Jón skrifuðu ekki einungis ritgerðir til fróðleiks og glöggvunar, heldur söfnuðu þeir saman ferðalýsingum og ferðasögum sem má einnig lesa sér til skemmtunar. Sjálfir segja þeir:

Væntum við þess, að ritsafn þetta verði á sínum tíma talið ekki ómerk heimild um samgöngur, ferðabúnað, ferðamennsku og landfræðipækkingu Íslendinga á liðnum tímum, — en jafnframt bók, sem lesa má til dægradvalar (Jón Eyþórsson og Pálmi Hannesson 1949, 9).

Þessi stefna er alveg í samræmi við skrif evrópskra upplýsingarmanna um ferðalög sín og um framandi lönd sem þeir heimsóttu og minnir þar að auki á landkönnuði sem ferðuðust um heiminn til að koma auga á óþekkta hluta hans og færa þá þekkingu á þeim heim til sín. Ferðabækur fyrir almenning áttu upp úr 18. öld einmitt að upplýsa og skemmta lesendum sínum, eða nýtast að sama skapi til glöggvunar og skemmtunar eins og það var jafnan kallað (Leed 1993; Sumarliði Ísleifsson 1996).

Í öðru bindi safnsins kemur þó önnur hugmynd skýrt í ljós og er hún nokkuð áhugaverð. Nú er ekki lengur einungis leitað eftir sögulegum heimildum í bókum og skjalasöfnum heldur er fólkið í landinu hvatt til þess að segja frá eða skrifa um ferðir sínar eða annarra manna. Hugmyndin er að safna saman ferðalýsingum og heimildum, einkum um slysaferðir, hrakninga og annað í þeim dúr, og hvetja fólk til þess að halda slíkum sögum til haga. Þannig blandast saman í þessu bindi, í meira mæli en í hinu fyrsta, ritgerðir um sögulegt efni,

t.d. framhald á Sprengisandssumfjöllun Einars E. Sæmundsen og um Brúaröræfi eftir Pálma Hannesson, og frásagnir frá ferðalögum og hrakningum fólks. Fyrst um sinn eru það ferðadagbækur sérfræðinga á borð við J.C. Schythe eða Magnús Grímsson sem búnar eru til prentunar, en þó kemur nýja stefnan bráðum í ljós, því að núna er einnig að finna frásagnir af eftirleitum og öðrum ferðalögum sem fólk lagðist í, ekki af sérfræðihuga einum saman heldur í hversdagslegum erindagjörðum. Efnið verður þar með alþýðlegra, ef svo má segja. Alþýðan segir sögur sínar. Þessari stefnu er svo haldið í næsta bindi. Mjög áhugaverð er einnig umfjöllun í þriðja bindi um uppleitun Þórisdals á 17. öld og skrif Björns Gunnlaugssonar um fund Þórisdals á 19. öld. Þessi umfjöllun ber enn og aftur vitni um áhuga ritstjórnanna á tengslum þjóðsagna og landafræði.

Fjórða og síðasta bindi af *Hrakningum og heiðavegum* kom út árið 1957 og er merkilegt fyrir þær sakir að hér er fyrst og fremst að finna frásagnir af ferðum manna — mestmegnis alþýðufólks í kaupstaðaferðum, í eftirleitum og í öðrum erindum — sem lenda svo í einhverjum vandræðum á þessum ferðum sínum. Það virðist sem svo að nú sé söfnun ferðapátta óbreyttra manna, sem ritstjórnarnir óskuðu eftir, komin vel af stað. Augljóslega tókst nú að fá fleiri sögur frá áhugamönnum í safnið og hefur það kannski átt sinn þátt í því að menn gátu skoðað fyrirmyndina í þeim sögum sem Pálmi og Jón höfðu birt sjálfir í fyrri bindum safnsins. Forvitnilegt hefði verið að sjá fleiri bækur í þessari ritröð einmitt með þessu sniði. Það var þó ekki hægt þar sem Pálmi Hannesson var þegar fallinn frá árið 1956. Þannig varð fjórða bindi *Hrakninga og heiðavega* einnig það síðasta.

Ritsafnið var víða lesið og margir tóku þátt í því að skrifa í það eða stuðla að því með einhverjum hætti að það kæmi út. Í því sambandi kvikna margar spurningar. Hvernig stendur á því að bækur um ferðalög í óbyggðum landsins, um landafræði og landafræðisögu og að vissu marki einnig um

Þjóðsagnaefni urðu jafnvinsælar og raun ber vitni? Hvað var það sem „lá í loftinu“? Og af hverju fannst mönnum eins og Pálma Hannessyni, Jóni Eyþórssyni og fleiri svo mikilvægt að koma þessu efni á prent? Hvað lá að baki gerðum þessarra manna?

### „VILLA Á ÖRÆFUM“: MINNISVARÐI HANDA ÞJÓÐINNI

Af þeim ferðasögum Pálma Hannessonar sem birtust í *Hrakningum og heiðavegum* er sú fyrsta og elsta einnig sú átakanlegasta að mínu mati. Sagan „Villa á öræfum“ segir frá 22 ára gömlum strák, Kristni Jónssyni frá Tjörnum í Eyjafirði, sem týndist úr fjárleitum árið 1898 og fannst tæpum 15 dögum síðar illa haldinn en þó á lífi í Búrfellskógi í Árnessýslu. Hann hafði gengið matarlaus og illa klæddur þvert yfir hálendi Íslands að hausti til án þess þó að vita nokkurn tíma hvar hann var staddur, enda hafði hann aldrei áður komið á öræfin og aldrei séð uppdrátt af þeim slóðum sem hann fór um. Þannig gerðist það að strákurinn valdi sér á að leiðarvísi sem að hans mati átti að renna til byggða og leiða hann heim til manna. Þó gat hann með engu móti gert sér grein fyrir því að áin sú sem hann hafði valið sér var Þjórsá, lengsta fljót landsins, sem rennur til suðurs.

„Villa á öræfum“ er þó ekki einungis átakanleg saga, heldur einnig texti þar sem Pálmi Hannesson útskýrir nokkuð nákvæmlega hvaða hlutverk hann ætlar sögum af þessu tagi eða af hverju hann sýnir þeim yfirleitt áhuga. Skoðanir hans í þeim efnum koma greinilega fram í formála og eftirmála sögunnar.

Í upphafi lýsir höfundur söguviðinu, þ.e. óbyggðum landsins, eins og það kemur Íslendingum fyrir sjónir. Textinn hefst á þessum orðum:

Upp frá byggðum og daladrögum breiðast öræfin, hin veglaus víðátta, auð og einmanaleg. Þar hefur enginn farið eldi um, og aldrei hefur heyrzt þar hljómur vígðra klukkna. Utan við endimörk mannlegs síðar þruma þessi miklu

firnindi, ókunn og ónumin, með svip sjálfs upphafsins enn, eins og í árdaga. Römm náttúruöfl eiga þar ævarandi baráttu, harðbýl og fjandsamleg við flest, sem anda dregur. Á stórum svæðum er þar alger auðn, en annars staðar nær skammær og kyrkingslegur gróður að þrífast, meðan sólargangur er lengstur, og fáein dýr viðgangast þar um sinn. En þegar líður að hausti, sópa harðviðrin burtu öllu því, sem unir lífi ofan vatns og molda (Pálmi Hannesson 1959a, 31).

Þessi lýsing gefur þungan tón og minnir þar að auki á upphafsorð Biblíunnar eða á þann tíma áður en menn voru til á jörðu.<sup>2</sup> Pálmi lýsir íslenskri náttúru hér sem fjandsamlegri og harðri. Frumöflin ráða öllu. Hin miklu firnindi sem „þruma“ hinum megin við mannlegar byggðir eru „ókunn og ónumin“. Landnámið hefur því ekki náð þangað ennþá. Menn hafa of litla þekkingu og eru of máttvanir til að sigra náttúruöflin þar.

Í langan aldur, fullyrðir Pálmi í framhaldinu, hafi íslensku þjóðinni staðið ógn af þessum öræfum og að vísu sé svo enn. Flestum mönnum, segir hann þar að auki, sé í blóð borinn „frumstæður uggur við auða og ókennda staði“, en í þessu tilfalli hafi sá uggur einnig nærst af sögnum um slysfarir og mannhvörf uppi á öræfum og fjöllum landsins (Pálmi Hannesson 1959a, 31). En þar sem sannar sagnir þraut hafi skáldskapur þjóðarinnar tekið við. Þessi skáldskapur virki enn þann dag í dag á menn sem finna munu fyrir sitt „frumstæða eðli“ ef reynt sé á:

Úr harðneskju fjallanna skapaði hann [skáldskapur þjóðarinnar – M.L.] vondar vættir, sem sóttust eftir því að gera mönnum grand. Hamrar og fell klæddust gervi mannskæðra trölla, og út úr heiðapokunni stigu illskiptnir útilegumenn. Flestar slíkar sagnir eru nú taldar forneskjan ein, en svo mikið eimir þó eftir af hinni gömlu trú, að fáir munu telja fýsilegt að vera einir síns liðs á öræfum uppi, úr því að nótt tekur að dimma og veður að herða. Og það er trú mín, að hver sá, er það reynir, muni

<sup>2</sup> „Jörðin var þá auð og tóm, og myrkur grúfði yfir djúpinu...“

finna sitt frumstæða eðli: ugginn við auðnina og annarlegar hugsanir um grimmúðug godmögn, þau er veðrum valdi, villu og dauða. (Pálmi Hannesson 1959a, 32)

Það sem mestan ugg veldur er því samspil ótaminnar náttúru og hugmyndaflugs þjóðarinnar. Landið og þjóðsögur sameinast í eina heild. Eftir að hafa bent á alkunnu þjóðsöguna af Reynistaðarbræðrum segir Pálmi að margar slíkar sögur séu til, sumar skráðar en fleiri í munnmælum, flestar séu þær tengdar við örnefni og sum þeirra ærið skuggaleg (Pálmi Hannesson 1959a, 32).

Sjálfur skapar höfundur í textanum svolítið skuggalegt eða draugalegt andrúmsloft með tilvísunum sínum í örnefni á borð við Draugaflá, Dauðsmannskvísl o.fl. Hann segir að þegar menn ferðast tveir eða fleiri saman um öræfin geta örnefni af þessu tagi og sögur þeim tengdum verið ferðamönnum til skemmtunar „í fásinni fjallasléttunnar“. En að þeim sem er einn á ferð og kannski villtur kunna sögurnar að sækja fast og „vilja gjarnan gera honum geig“ (Pálmi Hannesson 1959a, 32). Höfundur viðurkennir þar með, og veit það sennilega af eigin raun, að stundum getur seiðmagn og eðli óbyggðanna verið yfirþyrmandi. „En þó að margir hafi borið beinin víðs vegar um öræfin“, segir hann, „þá eru hinir þó nokkrir, sem með giftu eða harðfengi hafa snúið sig úr heljartökum auðnarinnar, enda þótt undankoman hafi oft verið nauðuleg.“ (Pálmi Hannesson 1959a, 32). Flestar sögur af því hvernig menn komust undan eða hafa borið beinin eru að mati Pálma óskráðar. Það sem vakir fyrir honum er því að skrá þessar sögur. Meira að segja vill hann skrá þær á þann hátt að þær séu trúverðugar. Ekki vill hann bæta við „skáldskapnum einum“ heldur segja frá raunverulegum atburðum sem finna má traustar heimildir fyrir. Þessar heimildir lætur hann meira að segja fylgja textunum. Oftast eru það nöfn viðmælenda hans en stundum einnig tímaritsgreinar og slíkt. Þar að auki leggur höfundur oft mat á það sem sagt er frá og á áreiðanleika heimildamanna.

En hvaða hugmyndir búa að baki því að safna saman sögum af slysförum og

hrakningum í óbyggðum landsins? Er það ekki dálítil „skuggalegur“ hugsunarháttur að setja upp frásagnir af dauðaför eða hræðilegri reynslu manna sem skemmtiefni? Skýringu er að finna í eftirmála „Villu á öræfum“, þar sem segir:

Erlendar þjóðir halda mjög uppi nöfnum þeirra manna, sem afrek hafa unnið á öræfum heimskautilandanna eða annars staðar, og reisa þeim veglega minnisvarða. Mér virðist þessi saga Kristins Jónssonar svo merkileg, að hún eigi að geymast í minningu okkar þjóðar. Sjálfur hvílir hann óbættur í kirkjugarðinum að Hólum í Eyjafirði (Pálmi Hannesson 1959a, 43).

Hér ber Pálmi Hannesson atvik sem komu fyrir alþýðumann á Íslandi saman við afrek landkönnuða sem sigldu um heiminn í nafni þjóða sinna til að ná fram þekkingu um fjarlægjar heimsálfur og nema þar land í beinni og óbeinni merkingu orðsins. Á meðan þeim síðarnefndu séu reistir minnisvarðar hafi hingað til enginn kært sig um að minnast afreks íslensks alþýðumanns. Pálma finnst því tímabært að gera það með þeim hætti að skrá sögu hans. Skráning sögunnar jafngildir því að reisa hetjunni bókmenntalegan minnisvarða. Höfundur er allan tímann svo að segja í samtali við lesendur sína en snýr sér loks beint að þeim þegar hann undirstrikar verðmæti ferðasagna og hvetur þá til þess að halda slíkum sögum til haga:

En þeir, sem kunna slíkar sögur sem þessar eða aðrar áþekkar, ættu að halda þeim til haga, því að nú er þjóðin að vakna til vitundar um þann hluta ættlands síns, sem liggur utan við endimörk mannlegs siðar, hina veglausu víðáttu, sem þrumir ofan við byggðir og daladrög, stórbrotin, auð, einmanaleg (Pálmi Hannesson 1959a, 44).

Það sem Íslendingar ættu því fyrst og fremst að gera er að geyma frásagnir af slíkum afrekum í minningu þjóðarinnar með því að segja sögur eða enn frekar að skrifa þær niður. Á þann hátt getur íslenska þjóðin reist sjálfri sér eða alþýðufólki sínu þau minnismerki sem það á skilið. Þessi aðferð

er meira að segja í fullu samræmi við þá sjálfsmynd sem þjóðin hefur ræktað með sér þegar í nokkurn tíma, sjálfsmyndina að hún sé þjóð bókmenntanna, að minnismerki hennar og listaverk séu geymd í skriflegu (eða þá munnlegu) formi og að það sé alþýðan sjálf sem sér um varðveislu þessa þjóðararfs.

Vitaskuld er þetta mjög hugmyndafræðilega litadur lestur atburðanna. Enda voru forsvarsmenn þessarar bókaútgáfu ekki meiri alþýðumenn en skrásetjarar þjóðsagnaarfsins á 19. öld voru, og alveg eins og Skúli Gíslason og Jón Árnason hafa ákveðið á sínum tíma hvað þjóðlegt efni og þjóðlegur stíll sé og hafa lagfært innsenda texta í samræmi við sínar hugmyndir þar um eða einfaldlega skrifað þá upp á nýtt, hafa Jón Eypórsson og Pálmi Hannesson einnig valið út efni og endurskrifað og lagað textana. Með því að laga stíl frásagnanna að bókmenntagreinum á borð við Íslendingasögur og þjóðsögur bjuggu höfundar til texta sem fengu „þjóðlegt yfirbragð“ og það gerðu þeir af ásettu ráði.<sup>3</sup>

Einnig bætir Pálmi mjög hagnýtum rökum við. Í sögum af hrakningum manna má einnig sjá fyrirmynd og leiðbeiningu því að enn „má svo verða, að menn fari villir vegar á öræfum, og er þeim þá gott að kunna þessa sögu og taka sér til fyrirmyndar karlmennsku Kristins og hugarró“ (Pálmi Hannesson 1959a, 43–44). Í framhaldi bendir Pálmi á afrek annars íslensks alþýðumanns, Sturlu í Fljótshólum, sem hefur reyndar ekki villst heldur farið af ráðnum hug þvert yfir Sprengisand öndvert árið 1916 þegar „öræfin voru enn í vetrarham“. Pálmi dregur þá ályktun að hvort tveggja sé „merkilegt tákni um þá harðfengi og seiglu, sem óvægin náttúra hefur fóstrað með íslenskum kynstofni“ (Pálmi Hannesson 1959a, 44).

Önnur hagnýt rök sem Pálmi færir fyrir verðmæti frásagnanna eru þær að fólk geti lært af þessum ferðasögum. Ef það þekkir sögurnar vel getur það tekið sér hetjurnar

og gjörðir þeirra til fyrirmyndar ef það vildi svo til að það lenti sjálft í hrakningum. Fólk viti þá betur hvað gera skyldi til að komast lífs af. En þar að auki geti það tamið sér hugarfar sem einkennist af „karlmennsku“ og nýtist einnig við aðrar aðstæður. En það er þegar augljóst að þessar hugmyndir tilheyra ákveðinni þjóðernislegri umræðu samtímans.

Hugtakið „karlmennska“ skýtur upp kollu oftast en einu sinni í ferðasögum Pálma Hannessonar og er þar notað til að benda á lofsverða eiginleika hetjanna svo sem fastheldni, stefnufestu, einbeitni, sterkan vilja og að sjálfögðu líkamslegan styrkleik. „Karlmennska“ er reyndar óhlutstætt hugtak og á ekki endilega einungis við karlmenn, konur geta alveg eins sýnt „karlmennsku“. Þó er raunin sú að í sögum Pálma eru hetjurnar alltaf karlmenn. Eina konan sem leikur aðalhlutverk í þeim er Áslaug í sögunni „Feigðarför Áslaugar“ (Pálmi Hannesson 1956b) og er það um hana að segja að hún fraus í hel nákvæmlega vegna þess að hún var svo þrjósk að hlusta ekki á ráð ungs fósturbróður síns sem hún hafði sjálf alið upp. Þar að auki stefnir hún manningum í lífshættu með því að hlýða honum ekki. Höfundur gerir það ljóst að hana vantaði einmitt þá eiginleika sem taldir eru upp hér að framan, „enda var hún talin ókvalráð og nokkuð einþykk“ (Pálmi Hannesson 1959b, 95). Áslaug er þar með í rauninni andhetja, hana vantar „karlmennsku“.

Í grein sinni um þjóðerni og karlmennsku fjallar sagnfræðingurinn Sigríður Matthíasdóttir meðal annars um það hvernig karlmennskuímyndir og þjóðernisímyndir falla saman og hafna á endanum „hinu kvenlega“ (Sigríður Matthíasdóttir 2003). Hún greinir frá umræðu sem upp kom árið 1906 þegar Íslendingar ætluðu að reisa minnisvarða til heiðurs Ingólfi Arnarsyni, fyrsta viðurkennda landnámsmanninum. Guðmundur Finnbogason, heimspekingur, hélt opinberan fyrirlestur af því tilefni og í hans huga var þjóðin í rauninni að reisa sjálfri sér minnisvarða. Hann hélt því fram

<sup>3</sup> Ítarlega greiningu á stíl, orðaforða og uppbyggingu textanna, sem og textatengsl við þjóðsögur og Íslendingasögur, má finna í Lerner 2005, kafla 3.5.

að þjóðin væri nú að vakna til vitundar um afl sitt og skyldur við sjálfa sig. Í landnámsmanninum birtist Guðmundi hin raunverulega sjálfmynd Íslendinga, í hans augum var eðli landnámsmannsins að sama skapi einkenni þjóðarinnar. Sigríður skrifar:

Og Guðmundur kvaðst vera sannfærður um að áheyrndur sínir væru sammála Einari Jónssyni myndhöggvara um helstu einkenni Ingólfs eða með öðrum orðum, sammála honum um það hvernig Íslendingar væru í eðli sínu: „Hann stendur á Arnarhóli og styðst við öndvegissúlu sína. Hann er ungur maður, fríður sýnum og höfðingslegur. Í svip hans og viðmóti skín styrkurinn og stefnufestan... Hann finnur, að hann er forgöngumaður inn í land framtíðarinnar“. Guðmundur Finnbogason taldi þannig að hið sanna eðli Íslendingans hefði holdgervst í hinum sterka, fagra og stefnufasta fyrsta landnámsmanni, Ingólfi Arnarsyni. (Sigríður Matthíasdóttir 2003, 122)

Sigríður bendir einnig á áhrif annarra menntamanna þess tíma og kemst að þeirri niðurstöðu að einkenni íslensku þjóðarinnar eins og þeim er lýst þar samsvari þeim ímyndum „sem kynjafræðingar telja dæmigerða fyrir karlmennskuímyndir nútímans“ (Sigríður Matthíasdóttir 2003, 122). Þjóðin sé þar með karllæg. „Íslendingurinn“ sé karlkyns. Pálmi Hannesson skilur „karlmennsku“ sem samansafn jákvæðra eiginleika sem einkenna hetjur hans og að hans mati átti sérhver íslenskur maður að temja sér þá. En að sama skapi fellur „karlmennskan“ saman við „hið þjóðernislega“. Sá minnisvarði sem Pálmi vill reisa alþýðu íslenskrar þjóðar er þá á endanum einnig karlmannsmynd, landnámsmaður eins og Ingólfur, kannski ekki eins höfðingjalegur heldur frekar bóndi í sveit eða öllu heldur hetja uppi á öræfum sem stendur af sér illviðri og harðindi. Mér finnst önnur stytta eftir Einar Jónsson vel koma til greina, þ.e. útilegumaðurinn Fjalla-Eyvindur, „Útlaginn“.

Í texta Pálma birtast óbyggðir Íslands sem hættulegt og ókunnugt svæði utan við

endimörk mannlegs siðar þar sem römm náttúruöfl leika lausum hala og ógna mönnum sem af einhverjum ástæðum koma nálægð þeim. Til að sigra þessi öfl þarf til þekkingu, karlmennsku, harðfengi og seiglu. Þar sem þjóðin er í þessari túlkun karllæg og allt kvenlegt er útilokað þá blasir við að spyrja hvort náttúran tákni þá ekki hið kvenlega. Líta má á náttúruna, í þeirri mynd sem hún birtist aðallega í textum Pálma, þ.e. sem ónumdar, ótamdar og óþekktar óbyggðir, og þjóðina sem andstæður þar sem þjóðin er hið karlega en náttúran hið kvenlega. Þessi umræða verður hins vegar að bíða betri tíma. Hér er ekki nægilegt rúm til að svara spurningum sem þessum nógu ítarlega. En í því sambandi skal aðeins bend á að flestar skriflegar heimildir sem fyrir liggja eru eftir karlmenn.

Að mati Pálma Hannessonar og samstarfsmanna hans þurfti þjóðin að koma sér upp betra þekkingu. Hér á eftir ætla ég að sýna fram á að stofnun ferðafélaga á Íslandi var undir þeim formerkjum að forsvarsmenn þeirra litu svo á að þjóðina vantaði þekkingu um landið sitt og félögunum var ætlað það hlutverk að bæta úr því.

## STOFNUN FERÐAFÉLAGA Á ÍSLANDI

Þann 27. nóvember árið 1927 var stofnað Ferðafélag Íslands í Reykjavík. Segja má að það hafi verið heldri menn bæjarins sem beittu sér sérlega fyrir stofnun þess og nöfn kosinna stjórnarmanna segja sitt um það (Jón Þorláksson 1928, 3). Á fundinum voru skrásettir 63 félagar, sem töldust þar með stofnfélagar. Félagið setti sér bráðabirgðalög þar sem segir að tilgangur félagsins sé að stuðla að ferðalögum á Íslandi og greiða fyrir þeim (Jón Þorláksson 1928, 4). Í umræðu sem átti sér stað á stofnfundinum kom fram að stofnendur félagsins voru ekki alveg sáttir við tillögur sem hljóðuðu á þann veg að félagið ætti að stuðla að frekari kynningu Íslands í útlöndum og að umbótum innanlands (samgöngum, gistihúsum o.s.frv.) sem gerðu landinu kleift að taka á móti fleiri erlendum ferðamönnum. Í fundargerð kemur skýrt

fram að stofnfélagar sáu hlutverk félagsins miklu fremur í því „að kynna landsmönnum sjálfum náttúru landsins og fegurð hennar“ (Jón Þorláksson 1928, 5) og að þeir vildu leggja mesta áherslu á fyrstu málsgrein í 3. gr. laganna sem hér kemur á eftir .

Tilgangi sínum leitast fjelagið fyrst um sinn að ná með þeirri starfsemi, sem hjer segir:

1) Að vekja áhuga landsmanna á ferðalögum um landið, sjerstaklega þá landshluta, sem lítt eru kunnir almenningi en eru fagrir og sjerkennilegir. Til þess gefur það út ferðalýsingar um ýmsa staði, gerir uppdrætti og leiðarvísa.

Fjelagið beitir sjer fyrir byggingu sæluhúsa í óbygðum (svo), stærri og fullkomnari en nú tíðkast hjer á landi. Það gengst fyrir því, að ruddir sjeu og varðaðir fjallvegir og hefir gát á, að slíkum leiðum sje við haldið.

Fjelagið gerir eftir föngum ráðstafanir til þess að meðlimir þess geti ferðast ódýrt um landið.

Fjelagið gengst fyrir því að kynna mönnum jarðfræði landsins og jurtaríki og sögu ýmsra merkra staða (Jón Þorláksson 1928, 4).

Ef leitast er við að lýsa þessari starfsemi með einu orði þá væri það að líkindum upplýsingin. Félagið vill fræða fólk og stuðla að ferðalögum í lítt kunnum landshlutum. Það vill greiða leið til ferðalaga og tryggja öryggi ferðamanna. Þó að í þessum markmiðum felist kannski einnig það að njóta landsins þá svífur andi upplýsingarinnar auðsjáanlega yfir vötnum hér.

Til að ná markmiðum sínum ákvað stjórnin að gefa út árbók þar sem ferðalýsingar skyldu birtast. Var það hugsað sem mjög hagnýt tilstuðlun til ferðalaga, þar sem þessi rit áttu að koma í stað landakorta og svípaðs efnis sem enn skorti og gætu þar með hjálpað ferðamönnum að átta sig úti í náttúrunni. Á næstu árum þróaðist *Árbók Ferðafélags Íslands* í þá átt að birta staða- og héraðslýsingar í kringum landið þannig að eftir 40 ár eða 1968 var því verki lokið að lýsa öllu landinu í fyrsta skipti í sögu Íslands

(Gísli Gestsson 1968). Einnig áttu frásagnir af ferðum, sögulegt efni, náttúrufræðilegt efni, myndir og annað í þeim dúr sinn stað í árbókinni og hafa það enn. Árið 1932 var Pálmi Hannesson kosinn í stjórn Ferðafélags Íslands og var varaforseti frá 1937 til dauðadags. Hann hafði einnig umsjón með nokkrum árbókum félagsins auk þess að hann skrifaði sjálfur ritgerðir og ferðalýsingar og má kalla hann mjög áhrifaríkan innan félagsins.

Árið 1932 birti Björn Ólafsson, þá forseti Ferðafélags Íslands, erindi sem nefnist „Ferðafélag Íslands og hugsjón þess“. Þar segir meðal annars:

Meginþátturinn í því, sem vér nefnum ættjarðarást, er ást þjóðarinnar til landsins, til fjallanna, dalanna, fjardanna, byggðanna. Það er hin ramma taug, sem rekka dregur til landsins, sem hefir alið þá. Þessi sterku ítök, sem landið á í sálum allra barna sinna, koma hjá mörgum aldrei í ljós, vegna þess að þeir hafa aldrei vaknað til meðvitar um það, hversu landið er fagurt og náttúra þess sterk og heillandi.

Verkefni Ferðafélagsins er að vekja íslenska þjóð til meðvitundar um hina fögru og máttugu náttúru landsins. Verkefni þess er að fá þjóðina til að kynnast landinu, sem hún byggir, njóta hinna göfgandi áhrifa íslenzkrar náttúru og móttast af þeim. Þjóðin fær skap sitt frá landinu. En sumir eru rótfastir í mölinni og aðrir í afdöllum. Þess vegna er áhrifum landsins misskift og þau verða einhliða (Björn Ólafsson 1932, 67).

Þetta er allt annar tónn en birtist í lögum félagsins frá árinu 1927. Hér er talað um ást á landinu og náttúru þess og um þá meðvitund sem þarf að vekja innan þjóðarinnar að hún eigi rætur sínar og edli sitt einmitt að rekja til náttúrunnar sem hún býr í. Hugtökin „fegurð“ og „máttur náttúrunnar“ koma hér við sögu og náttúran er komin í móðurhlutverkið enda fékk þjóðin skap sitt frá henni eins og segir í tilvitnuninni. Ferðafélagið á nú að



gegna eins konar uppeldishlutverk gagnvart Íslendingum og í því samhengi er einnig talað um „uppvakningu“ meðal þeirra.

Fáeinum árum seinna eða 1939 gerðist það í Reykjavík að nokkur ungmenni beittu sér fyrir stofnun farfuglafélaga á Íslandi og má segja að það verk hafi tekist bærilega. Á mjög stuttum tíma í febrúar og mars á því ári skráðu sig u.þ.b. 1.500 félagar í farfuglafélög á höfuðborgarsvæðinu sem stofnuðu svo með sér Bandalag íslenskra farfugla (BÍF). Fyrstu farfuglarnir voru virkir að ná athygli dagblaðanna. Í öllum dagblöðum þess tíma og þar með þvert yfir öll pólitísk landamæri var fjallað svo til daglega og á jákvæðum nótum um stofnun farfuglafélaganna.<sup>4</sup> Segja má að raunveruleg hræring hafi átt sér stað. Eitt helsta stef sem fram kom í þessari líflegu umfjöllun var það að það þurfi að kenna íslenskum æskumönnum „að þekkja land sitt“ og því var tengd ættjarðarást og „trú á landið“. Til að sjá þetta betur er rétt að vitna hér í dagblaðagrein frá 1939 sem birti tillögu til laganna BÍF:

Markmið Farfuglanna er:

a) að efla og styðja að auknum göngu- og hjólferðalögum hér á landi og gera æskunni kleift að ferðast ódýrt.

b) að efla félagsþroska, lífskraft, lífsgleði og andlega sem líkamlega heilbrigði æskunnar, með útiveru og nánu samlífi við náttúru landsins.

c) að auka þekkingu íslenskrar æsku á landinu og kveikja hjá henni ást á áttögum og trú á landið, með því að opna augu hennar fyrir fegurð þess og ótæmandi möguleikum. (Vísir, 10. feb. 1939, 7).

Forseti BÍF var kosinn Pálmi Hannesson og hann gegndi því embætti nokkur samfelld ár upp úr 1939. Hann reyndi einnig að koma á fót ritröð eftir fyrirmynd *Árbókar Ferðafélagsins*, hann skipulagði röð útvarpserinda og stuðlaði að fyrirlestrum og námskeiðum um ferðalög og ferðabúnað.

Ungu farfuglarnir á Íslandi sóttu þó nokkuð sterkan innblástur frá farfugla-

hreyfingunni í Þýskalandi sem sett var á fót nokkrum áratugum fyrir eða í kringum 1900 og lenti í sinni fyrstu kreppu á árum fyrri heimstyrjaldarinnar. Þannig var ein fyrsta grein sem birtist á Íslandi um þessi efni skrifað af þýskum námsmanni sem dvaldist á Íslandi, þ.e. „Hin þýska æskuhreyfing“ eftir Reinhard Prinz í *Lesbók Morgunblaðsins* þann 23. maí 1926.

Um vorið 1939 gekkst Guðmundur Einarsson frá Miðdal, listamaður og fjallagarpur, fyrir stofnun félags sem kallaðist „Fjallamenn“ og varð fáeinum árum seinna deild í Ferðafélagi Íslands þar sem Guðmundur var einnig í stjórn upp úr 1931. Þessi deild á sér skýrar fyrirmyndir í fjallamannafélögum á borð við þýska Alpaklúbbinn sem Guðmundur Einarsson komst í kynni við á námsárum sínum í München í Þýskalandi.. Árið 1946 gaf Guðmundur sjálfur út bók undir nafninu *Fjallamenn* þar sem hann skýrir m.a. frá aðdraganda félagsskapar þessa. Um ferðalög, skíðaferðir og svipað segir þar:

Þegar þröngt gerist í borg eða krytur í héraði, þá er öllum gott að leggja land undir fót og halda hátt til fjalla og jökla. Öll farartæki má nota: hesta, hundasleða, skíði og flugvélar. Það er ekki til sú ólund, drungi eða dapurleiki, að ekki hverfi í félagsskap íslenskra fjalla. Óbyggðir Íslands ljá huganum vængi og hugsjónum flug. Þær stæla viljann, styrkja og efla þá orku, sem býr í heilbrigðu æskufólki (Guðmundur Einarsson 1946, 172).

Í grein sinni kýs Guðmundur Einarsson að líkja fjallgöngum við landnám. Hann hefur reyndar tilefni til þess því að hið fyrsta verk nýstofnaða Fjallamannafélags var að reisa skála á Fimmvörðuhálsi og það í miklum veðurofsa síðsumars árið 1940. Þessa athöfn má vel kalla landnám í eiginlegri merkingu orðsins, meira að segja átti sér stað algjört stríð við náttúruöflin sem illa hefði geta farið fyrir fjallamennina. En þó er líkingin athyglisverð umfram þetta tiltekna atvik sem sjá má betur í framhaldinu.

<sup>4</sup> Nánar um stofnun Bandalags íslenskra farfugla, sjá Lerner 2003. Greining á fjölmiðlaumræðu, sjá Lerner 2004.

## NÝTT LANDNÁM: LANDNÁM ÓBYGGÐANNA

Árið 1938 kom út í Reykjavík bók sem bar titilinn *Ísland. Ljósmyndir af landi og þjóð*. Hún var gefin út af Ísafoldarprentsmiðju í samvinnu við Ferðafélag Íslands af tilefni 20 ára fullveldis Íslands, eins og segir á kápunni. Inngang að ljósmyndabókinni skrifaði Pálmi Hannesson, en formáli er eftir Geir Zoëga, þá forseta Ferðafélags Íslands. Í formála segir:

Bók þessi er hið fyrsta úrvalssafn ljósmynda frá Íslandi, sem gefið er út hér á landi, og er með henni bætt úr brýnni þörf. Slík bók á erindi bæði til þeirra, sem ferðast hafa um landið og kunnugir eru í byggðum og óbyggðum, til þess að geyma hjá þeim endurminningar um fagra staði eða hrikalegar auðnir og til hinna, sem vilja kynna Íslandi og mega hér sjá safn margra fagurra mynda er hljóta að vekja áhuga til frekari kynningar. Hún á að gefa innlendum og útlendum nokkra yfirsýn um fjölbreytni íslenzkrar náttúru (Geir Zoëga 1938, 1).

Geir Zoëga útskýrir í framhaldi að reynt hafi verið að hafa myndasafnið sem fjölbreyttast en þar sem jöklar, fjöll og auðir hylji mestan hluta landsins sé það eðlilegt að myndir af þeim séu áberandi í bókinni. Þannig rökstyður hann að í bók sem á að sýna myndir af landi og þjóð eru náttúrumyndir í miklum yfirburði. Enda, svo segir hann, munu flestir sem kost hafa átt á að kynna landinu, hafa heillast mest af „hinni ósnortnu, hrikalegu fegurð óbyggðanna“ (Geir Zoëga 1938, 1). En í framhaldi bendir hann á hið nýja sem sé að gerast í þessum efnum, þ.e. í samhengi við ferðalög og það að njóta náttúrunnar:

En þar hefir á síðustu árum opnast nýr myndaheimur, sem nú er að byrja að verða almenningsseign. Það er skamt síðan, að þeir voru aðeins mjög fáir, sem höfðu tök á eða tækifæri til að kynna landinu af eigin sýn. Ferðalög voru hér dýr og tímafrek, en stórar og aðrar torfarur juku á örðugleikana. Hér hefir orðið mikil breyting á hin síðari ár, er samgöngur allar hafa svo gjörbreytt, að nú er sú leið farin á fáum klukkustundum, sem

áður var margar dagleiðir. Jafnframt hefir vakist almennur áhugi að skyggast um utan áttaganna, að leita til fagurra og sérkennilega staða og njóta þar unaðar og friðsemdar íslenzkrar náttúru (Geir Zoëga 1938, 1–2).

Athyglisvert er hér ekki einungis að hann bendir á vaxandi áhuga á náttúru Íslands og ferðalög um landið sem og svo að segja lýðræðisvæðingu í þeim efnum heldur einnig á það að „nýr myndaheimur“ sé að opnast. Það þýðir að þjóðin er að eigna sér nýjan heim með því að skoða óbyggðir landsins og taka myndir af þeim sem svo má færa í sófn eða bækur og geyma heima hjá sér. Í þessu samhengi fær það sterkari þýðingu að hann bendir í upphafi bókarinnar á þá staðreynd að þessi myndabók er sú fyrsta sem gefin er út af Íslendingum sjálfum í eigin landi. Hingað til hafa aðrir átt þennan myndaheim einir. Útlendir ferðalangar og landkönnuðir, listamenn og túristar nutu þeirra forréttinda að skoða íslenska náttúru og njóta hennar sem má e.t.v. kalla hugmyndafræðilega eignatöku. Með auknum ferðalögum, nýjum tækjum og þekkingu er íslenska þjóðin nú í því að uppgötva sjálf hina óaðgengilegu hluta landsins, hún er í því að nema þetta land sjálf. Geir Zoëga segir í lokin:

Nú er hér hafið nýtt landnám, landnám óbyggðanna og menn hafa fljótt áttað sig á, að náttúra landsins er tilbreytingaríkari og fegurri en orð fá lýst. Hér bætir myndatækni nútímans úr... (Geir Zoëga 1938, 2).

Hvort Pálmi Hannesson, maður orðsins, sem skrifaði svo innganginn að bókinni, hefur verið sammála þessari skoðun á máttleysi orðanna er kannski að efast um. En taka þarf eftir að hér er aftur komið hugtakið landnám í spilið, nýtt landnám, landnám óbyggðanna, og það sem þyngra vegur, landnám Íslendingans sjálfs á óbyggðum landsins.

## ÞÝÐINGAR Á FERÐABÓKUM OG ÖFLUGT ÚTGÁFUSTARF

Í upphafi fimmta áratugarins var útgáfustarf orðið nokkuð öflugt, sem er alveg í samræmi við þá stefnu Ferðafélags Íslands að efla

þekkingu landsmanna á landafræði og sögu Íslands. Eitt merkasta rit um náttúru og þjóðfélag Íslands á 18. öld er *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, sem var einnig fyrsta ferðabók eftir Íslendinga sjálfa, skrifuð í þeim tilgangi að upplýsa Evrópubúa um þetta fjarlæga land á hjara veraldar.

*Ferðabók Eggerts og Bjarna* kom út árið 1772 á dönsku og var fljótlega þýdd yfir á þýsku, ensku og frönsku (Sumarliði Ísleifsson, 1996). Íslendingar voru hins vegar með þeim síðustu sem fengu að lesa bókina á sínu máli. Hún kom ekki út fyrr en árið 1943 (Eggert Ólafsson 1943) í þýðingu Steindórs Steindórssonar frá Hlöðum. Þessa staðreynd má kalla merkilega í því samhengi sem hér er fjallað um, því hún sýnir ekki einungis að áhugi landsmanna var orðinn gríðarlegur á þessum tíma heldur sýnir hún betur en mörg orð geta lýst hvaða máttur felst í þýðingum og hversu sterk menningarpólitísk áhrif þýðingar geta haft. Enda verður með sönnu sagt að einnig í þýðingum felist landnám.<sup>5</sup> Einungis tveimur árum síðar, eða 1945, birtist *Ferðabók Sveins Pálssonar* á íslensku. Þessi bók var einnig frumsamin á dönsku í lok 18. aldar (1791–1797) og það voru Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Steindórsson sem þýddu hana eða færðu í íslenskan búning, eins og þar segir, og bjuggu til prentunar á Íslandi (Sveinn Pálsson 1983). Á 19. öld ferðaðist Jónas Hallgrímsson um landið og hélt ferðadagbækur. En hjá honum fór eins og hjá fyrirrennrum sínum; hann skrifaði dagbækurnar á dönsku og þær voru ekki þýddar yfir á íslensku fyrr en á 20. öld og komu þá út með ritverkum hans (Jónas Hallgrímsson 1989). Þó þýddi Pálmi Hannesson þegar nokkra úrdrætti úr þeim og notaði í eigin ritverkum (Pálmi Hannesson 1957). Árið 1958 sá Jón Eyþórsson um endurútgáfu ferðabókar eftir Þorvald Thoroddsen en hún birtist fyrst á árunum 1913 til 1915. Þorvaldur var sá fyrsti í þessari röð íslenskra náttúrufræðinga og ferðalanga sem skrifaði

á íslensku. Í formála endurútgáfunnar lýsir Jón Eyþórsson hvernig hann og samstarfsmenn hans túlkuðu starf og ritverk þessa náttúrufræðings:

Á 19. öldinni fæddust Íslandi margir góðir synir, einkum skáld, stjórnmalaskörungur og málvísindamenn. Nöfn þeirra eru sem kennileiti á auðnuvegi lands og þjóðar. Einn slíkra öndvegismanna var höfundur þessarar bókar, Þorvaldur Thoroddsen. En hann hefur sérstöðu. Hann var vísindamaður í náttúrufræði. Hann orti ekki ættjarðarljóð, og hann gekk ekki fram fyrir skjöldu í stjórnmalabaráttu Íslendinga, en hann setti sér það mark að kanna og kynna ættjörðina, sem frelsishetjur og skáld börðust fyrir og sungu lof. Hann vildi ekki að útlendingar einir gerðust til þess að rannsaka náttúru Íslands og lýsa henni. Það særði þjóðarmetnað hans. Þess vegna varði hann nærfehlit 20 æviárum sínum til þess að ferðast um Ísland og rannsaka það, og næstu 20 árum varði hann til þess að rita um það, náttúru þess og sögu.

Það var hans skerfur til sjálfstæðisbárattu þjóðarinnar. (Jón Eyþórsson 1958, 13).

Með skýrari hætti er varla hægt að tjá það hlutverk sem náttúrufræðingum og ferðahöfundum var ætlað. Þeir voru álitnir frelsishetjur alveg eins og Jón Sigurðsson og Jónas Hallgrímsson og tóku með sínum hætti þátt í sjálfstæðisbárattunni. Í þessu sama ljósi verður að mínu mati einnig að túlka það öflugna þýðingar- og útgáfustarf sem viðgekkst á fjórða til sjötta áratugar 20. aldar. Náttúrufræðingar og höfundar túlkuðu skrif sín um landið sem og útgáfu á ferðaritum og landfræðilegum ritum sem pólitíska starfsemi. Markmiðið var að stuðla að sjálfstæði Íslendinga.

Í kjölfar þessa útgáfustarfs myndaðist smám saman hefð rita um landið og náttúru þess sem sterklega var mótuð af virkni Ferðafélags Íslands og þeirra manna sem voru í forystu þar. Til skýringar má benda á nokkuð athyglisverða röð heimildarita eða beinlínis upptalningu sem Steindór Steindórsson skrifaði þegar hann tók saman annað bindi af *Landinu þínu* árið 1968.

<sup>5</sup> Nánar um þetta samhengi, sjá Lerner 2005.

Ritin sem hann nefnir eru *Ferðabók Þorvalds Thoroddsens*, *Lýsing Íslands* eftir Þorvald Thoroddsen, *Eldfjallasagan* eftir Þorvald Thoroddsen, *Göngur og réttir*, *Árbækur Ferðafélags Íslands*, *Hrakningar og heiðavegir*, *Ódádabraun* Ólafs Jónssonar, *Landið þitt* eftir Pálma Hannesson, *Frá óbyggðum* eftir Pálma Hannesson, *Uppdrættir Íslands* (sbr. Steindór Steindórsson 1968, formáli). Þegar hér er komið sögu má segja að það sé ekki einungis orðin til röð rita og endurútgáfna heldur vísir að bókmenntahefð eða „kanón“ á þessu sviði. Kanóninn einkennist af því að stöðugt er vitnað í hann og mennta- og útgáfukerfið sér, með starfsemi sinn, um viðhald og útbreiðslu á þeim ritum sem tilheyra kanónum.

Ísraelski fræðimaðurinn Itamar Even-Zohar hefur sett fram kenningu um bókmenntir sem „fjölkerfi“ (e. polysystem) sem byggist á því að bókmenntategundir keppast um miðlægur stöður í bókmenntakerfinu (Even-Zohar 1990). Þar með er mikil hreyfing í því og samfélagslegar breytingar, nýjungar á sviði menningar o.s.frv. hafa mikil áhrif á samspil þátta innan kerfisins. Bókmenntahefð getur stuðlað að því að halda ákveðnum bókmenntum í miðjunni og hindra aðgang annarra að henni. Þannig væri athyglisvert að rannsaka nánar hvenær t.d. ferðabókmenntir lenda alveg á útjaðri kerfisins og hvenær þeim tekst að nálgast miðjuna. Mér sýnist að þeim hafi tekist að komast í nokkuð miðlæga stöðu á umræddu tímabili á Íslandi, þ.e. frá því að Pálmi Hannesson og samstarfsmenn hans tóku það að sér að sinna ferðabókmenntum og fram á sjöunda áratug síðustu aldar.

Ef það er rétt hjá mér að á þessum tíma hafi myndast vísir að bókmenntahefð innan ferðamála, þá þýðir það einnig að töluverð umsvif hafa verið í íslensku samfélagi upp úr þriðja áratugnum. Ekki verður í dag horft fram hjá þeim ritum sem hér eru nefnd þegar litið er til ferðamála og *Árbækur Ferðafélags Íslands* eru orðnar eins konar undirstöðuheimildir, þó að hluti af þeim sé nú orðið nokkuð gamall.

Námsefni Leiðsöguskóla Íslands til dæmis byggist stórlega á þessum kanón og íslenskir leiðsögumenn, sem og aðrir ferðamenn, eru duglegir að halda honum við. Næstum því árlega koma út upplýsingarit um landið, sem byggjast einnig á þessum sömu heimildum, svo og bækur sem eru í raun ekkert annað en uppfærðar samantektir á þeim.<sup>6</sup> En upphaf þess kerfis er að rekja til útgáfustarfs sem komst í gang fyrir nokkrum áratugum síðan. Einnig finnst mér að hægt sé að afmarka tímabil í menningarsögu Íslands 20. aldar og kalla það „annað landnám“ eða „nýtt landnám“. Þetta tímabil hófst í lok þriðja áratugar 20. aldar þegar Íslendingar fóru að uppgötva stóran hluta óbyggða, einkum miðhálandi Íslands, með því að ferðast þar um, skrifa og þýða bækur, taka myndir og hvetja landsmenn til ferðalaga, eins og hér hefur verið lýst. En því lauk að líkindum í lok sjöunda áratugarins, þegar lýsingu landsins af hálfu Ferðafélags Íslands var formlega lokið á árinu 1968. Hér má einnig segja að það verk var loksins komið í framkvæmd sem í meira en hundrað ár hafði verið óleyt, þ.e. að semja Stóru Íslandslýsingu.

Á 19. öld átti einn maður, Jónas Hallgrímsson, að standa einn að þessu verki, sem reyndist honum ofvaxið. Á endanum tók það 40 ár, eða nánar tiltekið frá 1928 til 1968 að framkvæma verkið í formi árbóka Ferðafélags Íslands og fjöldi íslenskra höfunda (náttúrufræðinga og annarra) lagði fram sinn skerf til þess. Ekki löngu síðar, eða í upphafi áttunda áratugarins, fór nútímaferðaþjónusta að taka á sig mynd á Íslandi. Þá er átt við að samgöngur og ferðaþjónusta voru þá það vel á veg komnar að þær gátu sinnt fjölda ferðamanna samkvæmt kröfum nútímaferðamennsku.

Til að skilgreina nútímaferðaþjónustu má ekki bara horfa til þess hvort fjöldi manna sé að ferðast til Íslands, heldur einnig til þess hvort dreifikerfi ferðaþjónustuaðila, samgöngur, gististaðir, auglýsingar og annað í þeim dúr sé komið á nægilega vel þróað stig til að geta tekið á móti fjöldanum

<sup>6</sup> Sjá m.a. *Á ferð um Ísland* 2005 og *Íslensku vegahandbókina* 2000.

(sbr. Keitz, 1997, bls. 13). Þannig má að mínu mati draga nokkuð skýra línu hér. Ferðamál á Íslandi tóku á sig allt aðra mynd á þessum tíma. Einmitt á umræddu ári, 1968, skrifaði Steindór Steindórsson eins konar kveðjuorð:

Ferðir mínar um óbyggðir landsins eru orðnar býsna margar, og mikla skuld á ég öræfunum að gjalda fyrir ótalmargar ánægjustundir...

Margt er nú orðið breytt um viðhorf til öræfaferða og ferðatekni, frá því er ég fór mína fyrstu ferð sumarið 1931 um Landmannafrétt. Nú þjóta menn á bílnum á nokkrum klukkustundum þær leiðir, sem áður tók daga og jafnvel vikur að fara á fæti eða hestum. Bílaslóðir skerast nú um auðnirnar líkt og þéttriðið net á mörgum stöðum, þar sem áður hafði varla nokkur maður stigið fæti og engar minjar sáust umferðar, nema ef til vill óljós hófför eftir hesta leitamanna. Kyrrð og friður öræfanna eru rofin. Bílar þeysast þar um fram og aftur, hópar gláðrar ferðamanna leggja land undir fót, og flugvélardynur fyllir loftið. Allt eru þetta ták nýja tímans, sá gamli er horfinn að eilífu (Steindór Steindórsson, 1968, 2).

„Nýtt landnám“ hófst þegar einstakir menn treystu sér til að fara upp á fjöll og heiðavegi, kanna aðstæður þar og lýsa þeim, búa til uppdrætti, myndir, sögur o.s.frv. og skapa þannig forsendur til þess að fjöldi manna gæti ferðast í óbyggðum landsins. Þetta ferli endar með því að næstum því sérhver maður getur nú lagt í þannig ferðalag og það án þess að þurfa að óttast um líf sitt og heilsu. Nútímataekni og þekking gerir mönnum kleift að ferðast á tiltölulega einfaldan og hættulítinn hátt. Markmiðum landnámsins er þar með náð. Þekkingin er til staðar og til lengdar séð þróast samgöngur og hugmyndir manna þannig að landamærin á milli byggðar og óbyggðar sem voru næstum því óyfirstiganleg í margar aldir eru smám saman að mást út. Hvítu blettirnir á landakortinu eru þar með horfnir. Engar útilegumannabyggðir fundust í óbyggðum landsins og hinir grösugu dalir uppi á reginöræfum reyndust vera ímyndun. Búið

er að sigra hið framandi og ógnvekjandi. Allt þetta veldur trega hjá ýmsum en er víst fagnaðarefni hjá öðrum. Hlutverk ferðamennsku er nú allt annað en það hefur verið á stofnunartíma ferðafélagana.

## SAMANTEKT

Undir lok þriðja áratugar 20. aldar og í upphafi þess fjórða hófst starfsemi ferðafélaga á Íslandi og í kjölfar þess myndaðist öflugt þýðingar- og útgáfustarf ferða- og landafræðiriti í myndum og orði. Öll þessi starfsemi ber vitni um aukinn áhuga landsmanna á ferðalögum, svo og um nýtt viðhorf til náttúru landsins, einkum til þeirra hluta landsins sem liggja handan við alfaraleiðir og voru á þeim tíma ennþá „lítt kunnir“.

Samtímis eru þessar athafnir túlkaðar sem merki um ættjarðarást og hluti af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Ferðalögin og bækurnar voru því alls ekki útskufyrirbrigði án dýpri merkingar. Þvert á móti var íslenska þjóðin á þessu tímabili milli fullveldis og sjálfstæðis einmitt að leita sér að jákvæðri sjálfsmynd sem hún gat stuðst við í stjórnmalabaráttu sinni og í því að feta sín fyrstu spor sem sjálfstætt ríki í alþjóðasamfélagi.

Íslensk náttúra var talin stórbrotin og sérstök. Þjóðin sem hafði búið við þessa náttúru í meira en árþúsund gat gripið tækifærið til að spegla sig í henni og einnig til að benda á að það væri ekkert smáafrek að lifa af í þessu umhverfi. Það taldist mikilvægt verkefni að vekja menn til meðvitundar um stöðu sína í þessu landi og að studla að ættjarðarást og þjóðarstolti. Þar með má telja að ferðabókmenntirnar sem Pálmi Hannesson og félagar hans bjuggu til og þýddu hafi verið hluti af pólitískri orðræðu þess tíma. Þeim var ætlað það hlutverk að taka þátt í uppbyggingu sjálfstæðs samfélags. Þjóðin var á þessum tíma svo að segja að uppgötva þann stóra hluta landsins sem áður hafði ekki haft neina jákvæða þýðingu fyrir hana heldur hefur þvert á móti þótt framandi og ógnað mönnum. Smám saman var þá að vakna

skilningur meðal manna á því að þessi hluti landsins væri sérstaklega verðmætur. Fyrst um sinn var einungis um táknaðan verðmæti að ræða, nokkrum áratugum síðar bættust hagnýt verðmæti af ýmsu tagi við.

## HEIMILDIR

*Á ferð um Ísland*. 2005: Reykjavík: Heimur.

*Biblían*. 1981. Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag.

Björn Ólafsson 1932: Ferðafélag Íslands og hugsjón þess. *Árbók Ferðafélags Íslands 1932*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands. Bls. 67–69.

Even-Zohar, I. 1990: *Polysystem Studies*. Tel Aviv: The Porter Institute for Poetics and Semiotics.

Eggert Ólafsson 1943: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árið 1752–1757* (þýð. Steindór Steindórsson). Reykjavík: Haraldur Sigurðsson og Helgi Hálfánarson.

Sveinn Pálsson 1983: *Ferðabók Sveins Pálssonar* (2. útg., þýð. Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson, Steindór Steindórsson). Reykjavík: Örn og Örlygur.

Geir Zoëga 1938: Formáli. Í: *Ísland. Ljósmyndir af landi og þjóð*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja. Bls. 1–4.

Gísli Gestsson 1968: Ferðafélag Íslands 40 ára. Í: *Árbók Ferðafélags Íslands 1968*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands. Bls. 139–146.

Grímur Thomsen 1954: *Ljódæli*. Reykjavík: Leiftur.

Guðmundur Einarsson 1946: *Fjallamenn*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

*Íslenska vegahandbókin* 2000. Reykjavík: Íslenska bókaútgáfan.

Jón Eyþórsson 1949: Útilegumannabyggðir. Í: Jón Eyþórsson og Pálmi Hannesson (ritstj.): *Hrakningar og heiðavegir* (I. bindi). Akureyri: Bókaútgáfan Norðri. Bls. 224–269.

Jón Eyþórsson 1958: Um höfundinn. Í: *Þorvaldur Thoroddsen: Ferðabók* (2. útg.). Reykjavík: Snæbjörn Jónsson. Bls. 13–16.

Jón Eyþórsson og Pálmi Hannesson 1949: *Hrakningar og heiðavegir* (I. bindi). Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.

Jón Eyþórsson og Pálmi Hannesson 1950: *Hrakningar og heiðavegir* (II. bindi). Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.

Jón Eyþórsson og Pálmi Hannesson 1953: *Hrakningar og heiðavegir* (III. bindi). Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.

Jón Eyþórsson og Pálmi Hannesson 1957: *Hrakningar og heiðavegir* (IV. bindi). Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.

Jón Þorláksson 1928: Ferðafélag Íslands. Í: *Árbók Ferðafélags Íslands 1928*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands. Bls. 3–6.

Jónas Hallgrímsson 1989: *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar, III. bindi: Náttúran og landið* (ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Ingvi Egilsson). Reykjavík: Svart á hvítu.

Keitz, C. 1997: *Reisen als Leitbild. Die Entstehung des modernen Massentourismus in Deutschland*. München: Deutscher Taschenbuchverlag.

Leed, E.J. 1993: *Die Erfahrung der Ferne. Reisen von Gilgamesch bis zum Tourismus unserer Tage* (þýð. Hans-H. Habort). Frankfurt/New York: Campus.

Lerner, M. 2003: Ferðalög – náttúra – saga. Stofnun Bandalags íslenskra farfugla árið 1939. Ritgerð til B.Ph.Isl.-prófs við Heimspekideild Háskóla Íslands.

Lerner, M. 2004: Þegar farfuglar fljúga aðeins á vængjum útprárinna. *Andvari* 129: 141–158

Lerner, M. 2005: *Margfalt landnám. Þýðingar á ferðasögum eftir Pálma Hannesson í ljósi nútímaferðamennsku*. Ritgerð til MA-prófs í þýðingafræði við hugvísindadeild Háskóla Íslands.

Pálmi Hannesson 1957: *Landið okkar. Safn útvarpserinda og ritgerða*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Pálmi Hannesson 1959a: Villa á öræfum. Í: *Mannraunir*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Bls. 31–48.

- Pálmi Hannesson 1959b: Feigðarför Áslaugar. Í: *Mannraunir*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Bls. 93–97.
- Prinz, Reinhard 1926: Hin þýska æskuhreyfing. *Lesbók Morgunblaðsins*. 23. maí 1926.
- Sigríður Matthíasdóttir 2003: Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar. Í: Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstj.): *Þjóðerni í þúsund ár?* Reykjavík: Háskólaútgáfan. Bls. 119–132.
- Steindór Steindórsson 1968: *Landið þitt* (2. bindi). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.
- Sumarliði Ísleifsson 1996: *Ísland. Framandi land*. Reykjavík: Mál og menning.
- Vísir, 10. febrúar 1939: *Farfuglabreyfingin komin til Íslands. Voldugasta æskubýðsbreyfing heimsins út breidd í 20 löndum*. Bls. 7.
- Þorvaldur Thoroddsen 1958: *Ferðabók* (2. útg.). Reykjavík: Snæbjörn Jónsson.